

**536. fundur hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps  
haldinn Strandgötu 38, 10. janúar 2019  
og hófst hann kl. 18:00.**

**Fundinn sátu:**

Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG), Guðni Ólafsson (GÓ), Ingibjörg Ósk Þórhallsdóttir (IÓP), Björgvin Smári Haraldsson (BSH), Lilja Magnúsdóttir (LM) og Bryndís Sigurðardóttir (BS).

**Fundargerð ritaði:** Bryndís Sigurðardóttir, sveitarstjóri

**Dagskrá:**

Oddviti setur fund leitar athugasemda við fundarboðun, svo reyndist ekki vera. Oddviti óskar afbrigða við dagskrá. Við bætist liður 16. Sérfræðiþjónusta og aðrir liðir færast niður. Samþykkt samhljóða.

**1. Fundargerðir og Ársreikningur 2018 - 1802038**

Staðfest samhljóða

**2. Fundargerðir 2018 - Samband íslenskra sveitarfélaga. - 1802017**

Staðfest samhljóða

**3. Fundargerðir Ársskýrsla og Ársreikningur 2018 - 1802010**

Frestað til fundar vegna tæknilegra örðugleika. Samþykkt samhljóða

**4. Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd - 38 - 1811005F**

Liður 4.3

Sveitarstjórn bendir á að beiðni um deiliskipulag skal koma frá landeigendum og er greitt af þeim. Pollvinum er bent á að beina erindi sínu til landeigenda.

Liður 4.4

Samþykkt samhljóða

Fundargerð samþykkt samhljóða

**4.1 1811017 - Stöðuleyfi gáma**

Gönguferð frestað vegna veðurs. Ákveðið að fara í vikunni og mynda gáma sem ekki eru með leyfi.

Byggingarfulltrúa falið að senda erindi til þeirra sem ekki hafa sótt um stöðuleyfi / byggingarleyfi fyrir gáma.

**4.2 1706039 - Guðmundur M. Ástþórsson. Umsókn um lóð, Dunhagi.**

Sveitarstjóra falið að ræða við umsækjendur um skipulagsmál við Dunhaga.

4.3 1811044 - Deiliskipulag við Pollinn

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd vísar erindinu til sveitarstjórnar. Nefndin bendir sveitarstjórn á að landið er leiguland í landi Litla-Laugarlands.

Sveitarstjórn bendir á að beiðni um deiliskipulag skal koma frá landeigendum og er greitt af þeim. Pollvinum er bent á að beina erindi sínu til landeigenda.

4.4 1702061 – Gileyri Eysteinseyri - Breyting á deiliskipulagi

Skipulags-, byggingar- og umhverfisnefnd samþykkir breytinguna á deiliskipulaginu og beinir því til sveitarstjórnar að deiliskipulagsbreytingin verði sent til Skipulagsstofnar til afgreiðslu skv. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt samhljóða

4.5 1706009 - Norður-Botn. Umsókn um byggingarleyfi.

Byggingar- skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir erindið.

4.6 1812008 - Fráveitukerfi Tálknafjarðar

Byggingarfulltrúa falið að fá tilboð í 40-50 m fráveiturör sem fyrirhugað er að til að tengja Tunguá inn í höfnina. Jafnframt fara í verðkönnun við gróft og niðurlögn. Hafnarstjóra falið að girða af holuna og svæðið þangað til lausn hefur fundist í málinu.

Byggingarfulltrúa falið að skrifa minnisblað um málið í samræmi við umræður á fundinum.

4.7 1812012 - Könnun um nöfn á nýbýlum

Lagt fram til kynningar.

**5. Byggðakvóti 2018-2019 - 1810030**

Lagt er til að sérstakur sveitarstjórnarfundur verði boðaður í næstu viku um reglur til byggðakvóta þar sem svo margir aðalmenn í sveitarstjórn eru vanhæfir.

Samþykkt samhljóða

**6. Jafnréttisáætlun 2018-2022 - 1811107**

Málinu vísað til Velferðarráðs.

Samþykkt samhljóða

**7. Samráðsvettvangur Sóknaráætlunar Vestfjarðarstofa - 1811100**

Sveitarstjórn frestar að tilnefna aðila í flokkinn Rannsóknir.

Samþykkt samhljóða

**8. Akstur á leið B hjá Westfjords Adventures - 1812139**

Sveitarstjórn samþykkir drögin og felur sveitarstjóra að ganga frá samningnum.

Samþykkt samhljóða

**9. Ný lög um fiskeldi - samráðsgátt - 1901206**

Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps mun ekki senda inn umsögn að sinni en mun fylgjast vel með framvindu mála.

Samþykkt samhljóða

**10 Fulltrúi í vatnasvæðanefnd - 1812173**

Sveitarstjórn samþykkir að skipa Bryndís Sigurðardóttir sem fulltrúa í Vatnasvæðanefnd

Samþykkt samhljóða

**11 Vinnumansal og kjör erlends starfsfólks - 1812115**

Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps tekur undir erindi Sambandsins og mun hafa þetta til hliðsjónar við endurskoðun innkaupareglna.

Samþykkt samhljóða

**12 Gjaldskrá 2019 Heimaþjónusta - 1901199**

Tekið til fyrri umræðu og samþykkt samhljóða

**13 Gjaldskrá 2019 Þjónustumiðstöð - 1901198**

Lagt fram til fyrri umræðu, samþykkt samhljóða

**14 Umsögn umsagnarbeiðni þorrablót Tálknafirði - 1812105**

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við vínveitingaleyfi þorrablóts.

Samþykkt samhljóða

**15 Til umsagnar Frá nefndasviði Alþingis - 417. og 443. mál til umsagnar - 1812122**

Sveitarstjórn sendir ekki umsögn.

Samþykkt samhljóða

**16 Sérfræðiþjónusta: við Tálknafjarðarhrepp - 1808037**

Samþykkt samhljóða

**17 Reykhólahreppur - skipulagsmál vegna ÞH eða R leiðar - 1812150**

**18 Bréf Hrós til sveitarstjórnar Reykhólahrepps - 1812155**

Sveitarstjórn þakkar ungum umhverfisinnnum áhugann á málefninu og deilir með þeim áherslum og áhuga á umhverfisvernd. Óskað er eftir að félagið upplýsi sveitarstjórnina um með hvaða rökum félagið telur að leið R sé farsælli hvað varðar umhverfis-, og kostnaðarsjónarmið. Sérstaklega í ljósi þess að umhverfismat hefur ekki farið fram.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að svara bréfriturum.

Samþykkt með fjórum atvæðum, LM situr hjá.

**19 Gjöf frá Isavia - 1812146**

**20 Minnisblað um haustþing Sveitarstjórnarþings Evrópuráðsins - 1901187**

**21 Lög Starfshópur um endurskoðun kosningalaga - 1901178**

**22 Fundur Áhugaverð mál á dagskrá fundar EES EFTA sveitarstjórnarvettvangsins í desember - 1812159**

**23 Ársskýrsla Persónuverndar 2017 - 1812156**

**24 Vegagerð Veglagning í Reykhólahreppi - 1901179**

**25 Árbók 2018 Félag íslenskra landslagsarkitekta - 1812098**

**26 Tilraunaverkefni: um uppbyggingu - 1809035**

27 Gjöf á útskrift FSN skólaárið 2018-2019 - 1901190

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 20:00.**

---

Bjarnveig Guðbrandsdóttir  
(BG)

---

Guðni Ólafsson (GÓ)

---

Ingibjörg Ósk Þórhallsdóttir  
(IÓÞ)

---

Björgvin Smári Haraldsson  
(BSH)

---

Lilja Magnúsdóttir (LM)